

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 7/2007

frá 27. apríl 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2006 frá 8. desember 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/59/EB frá 28. júní 2006 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir karbarýl, deltametrín, endósúlfan, fenítrópíon, metíðapíon og oxamýl ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/60/EB frá 7. júlí 2006 um tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/60/EB frá 7. júlí 2006 um breytingu á viðaukunum við tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir trífloxýstróbín, þíabendasól, abamektín, benómýl, karbendasím, þíófanatmetýl, mýklóbútanyl, glýfosat, trímetylúlfóníum, fenprópíormorf og klórmekvat ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/61/EB frá 7. júlí 2006 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir atrasín, asínfosetýl, sýflútrín, etefón, fenþíon, metamídófos, metómýl, parakvat og tríasófos ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/62/EB frá 12. júlí 2006 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir desmedífam, fenmedífam og klórfenvinfos ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE), 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 17, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 61.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 12.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 27.

- „– **32006 L 0059**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/59/EB frá 28. júní 2006 (Stjtíð. ESB L 175, 29.6.2006, bls. 61),
- **32006 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/62/EB frá 12. júlí 2006 (Stjtíð. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 27).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
- „– **32006 L 0061**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/61/EB frá 7. júlí 2006 (Stjtíð. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 12).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
- „– **32006 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/60/EB frá 7. júlí 2006 (Stjtíð. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/59/EB, 2006/60/EB, 2006/61/EB og 2006/62/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.